


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1	SKAXS24 Námsáætlun vorönn 2016	

Kennari	Svanhildur Danielsdóttir	Sk.st.	SVA
----------------	--------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi. Menntun til velferðar og sjálfbærni felst í því að nemandinn öðlist leikni sem nýtist honum í leik og starfi. Sköpun felst í að nemendur læri ákveðin vinnubrögð og tækni sem þeir geta nýtt til skapandi verkefna. Nemendur kynnast fjölbreyttum aðferðum sem notaðar eru við ýmiskonar handverk, endurnýtingu og fl. og læra að leita fanga í ýmsum hugmyndaböndum s.s. í blöðum, bókum og á veraldarvefnum. Lögð verður áhersla á frumkvæði, skapandi hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Markmið:

Þekking:

á mismunandi tækni og aðferðum við sköpun og dægradvöl

á mismunandi áhöldum og efnivið

á hvar á að leita að hugmyndum og leiðbeiningum

Leikni:

í að nota og beita viðeignadi áhöldum

í að vinna verk með fjölbreyttum aðferðum

í að vinna verk úr fjölbreyttum efnivið

í að afla og útfæra hugmyndir

Hæfni:

til að takast sjálfstætt á við skapandi verkefni

til að nýta tómstundir sér til gagns og ánægju

til að nýta og tengja þekkingu sína við daglegt líf

til að sækja sér viðbótar þekkingu t.d. stök námskeið

Námsgögn: Margvísleg efni og áhöld sem henta hverju sinni.

Áætlun um yfirferð og verkefni: Áfanginn er einstaklingsmiðaður, hver og einn fer á sínum forsendum. Verkefni eru einstaklingsbundin, ýmist skraut eða nytjahlutir af ýmsum toga s.s. teikning, mynsturgerð, útsaumur, bókverk, bútasaumur, hekl, þæfing, tauprykk, mósaik, pappírsgerð og fl.

Námsmat og vægi námsþátta: Áfanginn er próflaus, lokaeinkunn er gefin í tölum og byggist á eftirfarandi:

Ástundun og vinnubrögð í kennslustundum	40%
Verkefni sem nemandinn vinnur	30%
Frumkvæði og sköpunargleði	20%
Mæting í kennslustundir	10%

Annað sem kennari vill koma á framfæri:

Lögð er áhersla á að hver og einn njóti sín sem best í kennslustundum, vellíðan og afslappað andrúmsloft.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 5. júní '16


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils